

Anton Kári Halldórsson  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Hlíðarvegi 16  
860 Hvolsvöllur



Reykjavík 16. apríl 2015  
UST201503-105/K.S.J.  
10.04.03

## **Efni: Tillaga að deiliskipulagi þjónustusvæðis í Langadal/Slyppugili í Þórsmörk, Rangárþingi eystra.**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 12. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi þjónustusvæðis í Langadal í Þórsmörk, Rangárþingi eystra.

### **Skipulagssvæðið - náttúruminjasvæði**

Tillaga að deiliskipulagi tekur til um 13 ha svæðis í Langadal og Slyppugili í Þórsmörk. Svæðið nær yfir núverandi aðstöðu Ferðafélags Íslands og austur fyrir aðstöðu Farfugla í Slyppugili. Þórsmörk er svæði nr. 714 á náttúruminjaskrá og þar segir um svæðið: *Þórsmörk, Almenningar og afréttir sunnan Krossár vestur að Jökultungum. Fjölbreytt og fagurt landslag. Skóglendi í skjóli jökla, að hluta til í umsjá Skógræktar ríkisins. Vinsælt útivistarsvæði.*

### **Áætlaðar lóðir og byggingar**

Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir 3 misstórum lóðum með byggingarreitum. Á lóð L-1, sem er lóð Ferðafélags Íslands, er gert ráð fyrir 4 byggingarreitum og eru byggingar á þeim öllum í dag. Lóðin er tæpir 5,3 ha og fram kemur að hámarksbyggingarmagn á lóðinni er 800 m<sup>2</sup>. Stofnunin bendir á að mikilvægt er að þess verði gætt að uppbygging fari þannig fram að birkiskógur verði ekki ruddur vegna framkvæmda. Einnig er gert ráð fyrir 2 tjaldsvæðum og bílastæðum á lóðinni. Umhverfisstofnun tekur undir að mikilvægt er að bílastæði séu afmörkuð svo bílum sé einungis lagt á þeim.

Lóð L-2 er 0,6 ha að stærð, þar er snyrtihús í dag og gert er ráð fyrir hámarksbyggingarmagni alls 120 m<sup>2</sup>. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að upprunalegum birkiskógi verði ekki raskað við framkvæmdir og þess gætt að skógur rýrni ekki á tjaldsvæði á lóðinni. Lóð L-3 er 1,18 ha og á þeirri lóð er núverandi aðstaða fyrir Skógræktina. Fram kemur að hámarks byggingarmagn lóðarinnar er 120 m<sup>2</sup>, en fyrir eru á lóðinni 2 skálar.


Umhverfisstofnun bendir á að ekki kemur skýrt fram hvort hámarksbyggingarmagn innifelur þegar byggða skála, eða hvort hámarksbyggingarmagn eigi eingönguvið nýframkvæmdir. Að mati stofnunarinnar ætti að koma skýrar fram hvert núverandi byggingarmagn er og hvert hámarksbyggingarmagn nýframkvæmda er áætlað.


### Upprunalegur birkiskógur

Umhverfisstofnun bendir á að áætluð tjaldsvæði á deiliskipulagstillögunni ná inn á svæði sem eru vaxin upprunalegum birkiskóg. Að mati Umhverfisstofnunar er afar mikilvægt að birkiskógi í Þórsmörk verði hlíft við raski og ruðningi eins og frekast er kostur. Eins og fram kemur hér að ofan er ein af ástæðunum fyrir því að Þórsmörk er á náttúruminjaskrá, skóglendi í skjóli jökla.

Umhverfisstofnun bendir á að birkiskógar eru vistkerfi sem hafa verndargildi og hafa íslensk stjórnvöld markað þá stefnu að stuðlað skuli að verndun þeirra. Samkvæmt 3. mgr. 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal Umhverfisstofnun ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar. Samkvæmt 4. mgr. sömu gr. skal ekki að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að þess sé gætt að starfsemi á tjaldsvæðum rýri ekki upprunalegan birkiskóg, og þess sé gætt að álag vegna starfseminnar verði ekki of mikið.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Teymisstjóri